

Gátlisti yfir gögn sem þurfa að fylgja með umsókn til Kólumbíu

- | | |
|---|--|
| ☐ Fylgibréf frá UTN | ☐ Umsögn félagsráðgjafa |
| ☐ Umsóknareyðublað frá ICBF | ☐ Forsamþykki |
| ☐ Bréf frá umsækjendum | ☐ Skuldbinding vegna eftirfylgni |
| ☐ Bréf varðandi leyfi | ☐ Meðmælabréf, þrjú (ekki nauðsyn) |
| ☐ Passamyndir | ☐ Listi vegna barns með skilgreindar þarfir |
| ☐ Fæðingarvottorð | ☐ Umboð vegna lögfræðings í Kólumbíu |
| ☐ Hjónavígsluvottorð/ sambúðarvottorð | ☐ Staðfesting á námskeiði hjá ÍÆ |
| ☐ Hjúskaparsöguvottorð | ☐ Sálfræðimat. |
| ☐ Sakavottorð | ☐ Staðfest ljósrit af vegabréfum |
| ☐ Atvinnuvottorð | ☐ Ríkisfangsvottorð |
| ☐ Tekju- og eignavottorð | ☐ Myndband af umsækjendum |
| ☐ Yfirlit yfir fjármál (Budget guide) | ☐ Myndaalbúm |
| ☐ Læknisvottorð + sérfræðivottorð (ef á við) | |

Fylgibréf UTN: Þetta bréf fæst hjá UTN þegar umsóknin er tilbúin, ÍÆ sér um að fá þetta

Umsóknareyðublað frá ICBF á spænsku: Skrifstofa ÍÆ lætur umsækjendur fá þetta eyðublað, þetta eyðublað þarf að fylla út á **spænsku** og setja undirskriftir. Á eyðublaðið þarf að setja passamyndir af umsækjendum.

Bréf frá umsækjanda: Þetta er bréf frá ykkur (svokallað motivation letter á ensku) þar sem þið segið frá ástæðum þess að þið viljið ættleiða og frá ykkur sjálfum og ykkar lífi. Undirrita þarf bréfið. Þið getið skrifað bréfið á ensku eða spænsku. Bréf með undirskrift og vegabréfsnúmeri umsækjenda þarf einnig að fylgja.

Bréf varðandi leyfi: Í þessu bréfi veitið þið leyfi til að skoða gögnin ykkar og meta þau

Passamyndir: Passamyndir eiga einnig að fylgja umsókninni

Fæðingarvottorð: Útgefið af Þjóðskrá. Ef umsækjendur eiga börn fyrir þarf fæðingarvottorð barna einnig að fylgja.

Hjónavígsluvottorð/sambúðarvottorð: Útgefið af Þjóðskrá. Hjúskapur eða sambúð þarf að hafa varað í a.m.k. þrjú ár.

Hjúskaparsöguvottorð: Ef umsækjendur hafa verið giftir áður þarf að fylgja vottorð varðandi það

Sakavottorð: Beiðni um sakavottorð má beina til hvaða sýslumanns sem er utan sýslumannsins í Reykjavík en íbúum í umdæmi hans er bent á afgreiðslu sýslumannsins í Kópavogi. Einnig má sækja um sakavottorð hjá lögreglustjórum landsins utan höfuðborgarsvæðisins.

Atvinnuvottorð: Vinnuveitandi gerir þetta vottorð.

Tekju- og eignavottorð: Vottorðið er gefið út af Ríkisskattstjóra. Hægt er að sækja beiðni um vottorð á rsk.is – einstaklingar – eyðublað – alþjóðasamskipti – RSK 14.10 Beiðni um vottorð (PDF). Þegar búið er að fylla beiðnina út er skjalið skannað inn og sent til rsk@rsk.is. Borga þarf fyrir vottorðið og senda þarf kvittun á sama netfang. Ríkisskattstjóri sendir ykkur síðan vottorðið í pósti.

Yfirlit yfir fjármál (budget guide): ICBF er með sérstakt eyðublað sem umsækjendur eiga að fylla út varðandi fjárhag.

Læknisvottorð: ICBF er með sérstakt eyðublað sem heimilislæknir eða annar læknir fyllir út. Ef umsækjendur eru hjá sérfræðilækni þarf að fylgja með viðbótarlæknisvottorð frá þeim.

Umsögn félagsráðgjafa: Sama umsögn og var gerð fyrir útgáfu forsamþykkis. Umsögn þarf að vera mjög ítarleg. Félagsráðgjafinn þarf að tala við þrjá meðmælendur. Á umsóknareyðublaðinu þarf að taka fram lítarhátt barnsins sem þið óskið eftir. Ef lítarhátturinn skiptir ekki máli þá er gott að það komi skýrt fram í skýrslu félagsráðgjafans. Ef þið eruð að hugsa um að ættleiða barn með skilgreindar þarfir þarf það að koma fram í skýrslunni. Ef þið eruð að hugsa um að ættleiða systkini þarf það einnig að koma fram í skýrslunni.

Forsamþykki: Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu gefur það út og er frumritið sent beint á skrifstofu ÍÆ.

Skuldbinding: Umsækjendur þurfa að skuldbinda sig til þess að senda út eftirfylgniskýrslur til Kólumbíu eftir ættleiðinguna. ÍÆ skuldbindur sig sömuleiðis til þess að taka ábyrgð á umsækjendum og sjá til þess að skýrslurnar verði gerðar og sendar út.

Meðmælabréf: Um ½ til 1 blaðsíða og mega vera frá vinum eða kunningjum sem þekkja ykkur vel. Sá sem skrifar meðmælabréfið þarf að undirrita það. Ágætt er ef meðmælendur eiga sjálfir börn og ekki er verra ef þeir bera góða titla. Ekki er nauðsynlegt að senda meðmælabréf en það má senda með umsókninni ef umsækjendur vilja.

Listi vegna barna með skilgreindar þarfir: Fylla þarf listann út samviskusamlega og senda með umsókninni.

Umboð vegna lögfræðings í Kólumbíu: Umboðið þarf að vera í tvíriti, eitt fyrir Olgu Mariu (lögfræðingin okkar í Kólumbíu) og annað fyrir ICBF, fæst hjá ÍÆ.

Staðfesting á að umsækjendur hafi sótt undirbúningsnámskeið fyrir ættleiðingu: ÍÆ gefur þessa staðfestingu út eftir að umsækjendur hafa lokið námskeiðinu, „Er ættleiðing fyrir mig“.

Sálfræðimat: Óla Björk Eggertsdóttir sálfræðingur sími: 896-0863

Staðfest ljósrit af vegabréfi: Fara þarf til sýslumanns og láta hann ljósrita vegabréf umsækjanda. Sýslumaður stimplar síðan ljósritin og eru þau þá orðin staðfest.

Ríkisfangsvottorð: Staðfesting á ríkisfangi umsækjenda (ef umsækjandi er erlendur en er íslenskur ríkisborgari)

Myndband af umsækjendum: Myndband af umsækjendum á heimili sínu, húsinu, bænum, fjölskyldumeðlimum. Einskonar kynning á umsækjendum líkt og myndaalbúmið. Myndbandið og myndaalbúm þarf að senda með umsókn á geisladisk.

Myndaalbúm: Textinn sem fylgir myndunum þarf að vera á **spænsku**. Myndirnar þurfa að vera af umsækjendum sjálfum og nánustu fjölskyldu. Hámark mega vera 3-4 á hverri mynd og þurfa andlitin að sjást vel. Skrifa þarf við hverja mynd útskýringar þ.e. nöfn fólksins á myndinni og hvernig þau tengjast fjölskyldunni. Einnig þurfið þið að taka myndir af heimili ykkar, umhverfi, gæludýrum og frístundaiðkun. Hámark má senda 6 blaðsíður (A4) af myndum.

Passamyndir: Senda þarf passamyndir af umsækjendum, myndir límdar á umsóknareyðublað og einnig afrit.

Þegar umsækjendur hafa safnað öllum skjölum fer skrifstofa ÍÆ yfir þau, þá láta umsækjendur stimpla hjá Notarius Publicus (sýslumannsembætti) Athugið að hjón verða að fara saman til sýslumanns svo sýslumaður geti staðfest undirskriftir beggja aðila. Loks fara umsækjendur svo með umsóknina og láta staðfesta (Apostilla) þau hjá Utanríkisráðuneytinu. Þá er umsóknin send til Kólumbíu. Athugið að ekki á að láta stimpla á myndirnar sem fylgja með umsókn.

Áriðandi er að nöfn umsækjenda séu skrifuð á sama hátt í vegabréfunum og á öllum skjölum. Gætið þess sérstaklega á læknavottorðum og atvinnuvottorðum.

Öll gögn, líka frá vinnuveitendum og lækni, þurfa að vera skrifuð á bréfsefni, undirrituð og stimpluð ef hægt er og mega ekki vera eldri en þriggja mánaða. Fæðingarvottorð og hjónavígsluvottorð má vera eldra en 3 mánaða. Barnaverndarskýrsla má ekki vera eldri en 2 ára og sálfræðimat má ekki vera eldra en ársgamalt.

Erlend stjórnmöld geta óskað eftir ítarlegri upplýsingum eða nýjum vottorðum. Ef svo er þá setur ÍÆ sig í samband við umsækjendur og lætur vita.

Það er nauðsynlegt að nota löggilta skjalapýðendur til að þýða öll gögn sem ekki er hægt að fá á ensku.

Þýðandi sem hefur oft þýtt skjöl fyrir ÍÆ er Jeffrey Cosser, sími: 557 4076, netfang: jmc@itn.is.

Biðjið þýðanda að stimpla hverja síðu.

Þýðandi ÍÆ í Kólumbíu er löggiltur skjalapýðandi frá ensku yfir á spænsku, því eru öll skjöl send á ensku til Kólumbíu fyrir utan umsóknareyðublaðið og texta við ljósmyndir.